



Bessastöðum,  
20. apríl 2020

Kristján Sturluson  
Sveitarstjóri Dalabyggðar

*Konni Kristján*

Leitt var að heyra að fresta þarf opnun Vínlandsseturs. Auðvitað reyndist það óumflýjanlegt, því ræður veiran skæða. En hana munum við yfirbuga. Þá kemst samfélag okkar aftur í samt horf og þá verður hægt að opna hið glæsta setur með pompi og prakt.

Ég nota þetta tækifæri líka til að senda Dalamönnum góðar kveðjur og þakka fyrir hönd okkar hjóna þá velvild og gestrisni sem við nutum í opinberri heimsókn okkar í Dalabyggð í árslok 2017.

Dalirnir eru eitt sögufrægasta hérað landsins. Sá sagnaarfur, sem þar hefur skapast í aldanna rás, geymir mýmörg dæmi um það að á ýmsu hefur gengið áður fyrr en við höfum sigrast á hverri þraut. Og það gerum við að sjálfsögðu líka núna, í krafti samstöðu og samkenndar, þekkingar og þrautseigju.

*Með góðri kveðju,*

*Guðni Th. Jóhannesson*  
Guðni Th. Jóhannesson